



REYKJANESBÆR

ERINDISBRÉF

ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐ

I. Stjórnskipuleg staða

1. gr.

Íprótta- og tómstundaráð, sem starfar samkvæmt V. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, telst til fastanefnda Reykjanesbæjar. Íprótta- og tómstundaráð skal starfa í samræmi við þau lög og reglur sem um það gilda, samþykktir Reykjanesbæjar og erindisbréf þetta.

II. Lög og reglur

2. gr.

Um störf íprótta- og tómstundaráðs gilda ákvæði V. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og ákvæði samþykktar um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 622 frá 18. júní 2019.

Erindisbréf þetta byggir að auki á ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og eftir atvikum ákvæðum annarra laga og reglugerða sem ná til málaflokka ráðsins. Íprótta- og tómstundaráð skal við undirbúning mála og stjórnvaldaákvæðana gæta þess að farið sé að stjórnsýslulögum og reglum um vandaða stjórnsýslu.

Ef það er misræmi milli efnis erindisbréfs, annars vegar, og laga, reglna og samþykktar Reykjanesbæjar, hins vegar, skulu hinar síðarnefndu reglur gilda.

III. Skipan og umboð

3. gr.

Íprótta- og tómstundaráð Reykjanesbæjar er kosið af bæjarstjórn Reykjanesbæjar, á fyrsta eða öðrum fundi, að afloknum sveitarstjórnarkosningum og fer, í umboði bæjarstjórnar, með íprótta- og tómstundamál sem á hverjum tíma tengjast verkefnum ráðsins eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

Íprótta- og tómstundaráð Reykjanesbæjar er skipað fimm fulltrúum í samræmi við 57. gr. A samþykktar um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 622/2019 og jafn mörgum til vara. Ráðið er kosið til fjögurra ára. Bæjarstjórn kýs formann.

4. gr.

Meginviðfangsefni íprótta- og tómstundaráðs er rekstur og starfsemi íprótta-, félags- og tómstundamiðstöðva á vegum Reykjanesbæjar og samskipti við félög sem starfa á þessu sviði. Þá skal íprótta- og tómstundaráð hafa eftirlit með málaflokkum sínum eins og lög áskilja á hverjum tíma. Íprótta- og tómstundaráð vinnur að markmiðum sínum með stefnumótandi samþykktum og ákvörðunum sem taka mið af samþykktum stefnu íprótta- og tómstundaráðs og bæjarstjórnar í málefnum varðandi íprótta- og tómstundamál.

Bæjarráð úthlutar fjárhagsramma til ráðsins vegna fjárhagsáætlunar fyrir hvert starfsár.

IV. Málaflokkar og verkefni

5. gr.

Íþrótt- og tómstundaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði íþrótt- og tómstundamála Reykjanesbæjar. Ráðið fylgist með því að deildir og stofnanir á þess vegum vinni að settum markmiðum, veiti góða þjónustu og að starfsemin sé skilvirk og hagkvæm.

6. gr.

Helstu verkefni sem íþrótt- og tómstundaráð hefur yfirumsjón með eru:

- a) eftirlit með framkvæmd laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 og áfengislaga nr. 75/1998 að því marki sem lögin leggja skyldur á herðar sveitarfélaga,
- b) rekstur og starfsemi íþrótt-, félags- og tómstundamiðstöðva á vegum bæjarins og samskipti bæjarins við félög sem starfa á þessu sviði og njóta m.a. styrkja frá frístundaráði,
- c) að stuðla að öflugu frístunda- og íþróttastarfi í Reykjanesbæ og hafa um það samstarf við aðila sem starfa á því sviði,
- d) forgangsörðun og tillögur að staðarvali og uppbyggingu nýrra mannvirkja fyrir þá málaflokka sem heyra undir ráðið,
- e) að stuðla að góðu upplýsingaflæði, ásamt hluteigandi aðilum, um frístundamál og þá heilsuefandi þjónustu sem stendur bæjarbúum til boða,
- f) eftirfylgni með stefnum sem heyra undir frístundaráð,

Íþrótt- og tómstundaráði er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði þess ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því, þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun og þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

7. gr.

Íþrótt- og tómstundaráð hefur eftirlit með framkvæmd eftirfarandi laga og reglugerða byggða á þeim, eins og þau eru á hverjum tíma og að því marki sem lögin og tilheyrandi reglugerðir setja skyldur á herðar sveitarfélaga:

- a) þau lög og reglugerðir sem gilda á hverjum tíma um verkefni ráðsins svo sem íþróttalög nr. 64/1998 og æskulýðslög nr. 70/2007
- b) reglur, samþykktir og samþykktar stefnur bæjarstjórnar sem tengjast sérstaklega verkefnum ráðsins, svo sem íþrótt- og forvarnastefnu Reykjanesbæjar
- c) almennar reglur, samþykktir og stefnur bæjarstjórnar í íþrótt- og tómstundamálum.

8. gr.

Fundargerðir íprótta- og tómstundaráðs skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir enda sé í fundargerð ráðsins skilmerkilega gerð grein fyrir þeirri fyrirætlun með tillögu til bæjarstjórnar þar að lútandi. Ef mál varðar fjárhagslegar skuldbindingar bæjarins umfram fjárhagsáætlun skal ráðið vísa tillögu sinni til bæjarráðs.

V. Fundir og starfshættir

9. gr.

Sviðsstjóri fræðslusviðs ásamt íprótta- og tómstundafulltrúa eru starfsmenn ráðsins. Þeir undirbúa og boða fundi ráðsins í samráði við formann. Þeir bera ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum ráðsins sé hrint í framkvæmd. Sviðsstjóri fræðslusviðs og íprótta- og tómstundafulltrúi sitja fundi ráðsins og hafa þar málfrælsi og tillögurétt.

10. gr.

Fulltrúa er skylt að sækja alla fundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi. Geti fulltrúi ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

Formaður ráðs ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli ráða og nefnda bæjarfélagsins. Fjöldi funda íprótta- og tómstundaráðs er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Formanni ráðsins er heimilt að taka ákvörðun um að fella niður fund ef hún byggir á málefnalegum ástæðum.

11. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir atkvæðisbærir fulltrúar eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum, verið boðaðir með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar ráðsins getur fyrirvari um boðun verið skemmri. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá en tilkynna skal það í upphafi fundar. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur atkvæðisbærra fulltrúa er mættur á fundinn. Ráðið getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

12. gr.

Um fundarsköp og málsmeðferð í íprótta- og tómstundaráði fer eftir því sem við á samkvæmt II. kafla samþykktar um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 622/2019.

Formaður ráðsins stýrir fundum ráðsins.

Fundir ráðsins skulu jafnan haldnir fyrir luktum dyrum. Ráðið getur boðað á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins sem og aðra til viðræðna um einstaka mál.

Fulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi ráðsins og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum. Ákvæði þetta á einnig við um aðra fundarmenn.

Íþrótt- og tómstundaráð skal á fundum sínum taka fyrir þau erindi sem berast, fjalla um þau og gera tillögur um afgreiðslu þeirra til bæjarstjórnar nema bæjarstjórn hafi falið ráðinu fullnaðarafgreiðslu málsins. Á fundum er mál afgreitt með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, bæjarstjórnar eða sviðsstjóra fræsðlusviðs.

Íþrótt- og tómstundaráði er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

Íþrótt- og tómstundaráð getur vísað málum til umsagnar annarra nefnda, ráða, embættismanna, eða annarra aðila.

Fulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í ráðinu.

Íþrótt- og tómstundaráð kemur ákvörðunum sínum og stefnumótun í framkvæmd með formlegum samþykktum á lögmætum fundum.

13. gr.

Ráðið skal halda gerðabók og ritari skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr. samþykktar um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 622/2019.

VI. Skipan, hæfi og skyldur fulltrúa

14. gr.

Íþrótt- og tómstundaráð skal í allri sinni ákvarðanatöku hafa hagsmuni allra íbúa að leiðarljósi. Það leggur þær skyldur á fulltrúa í ráðinu að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa er þeir tengjast eða tilheyra.

Fulltrúar sem sitja í stjórnnum í einkareknum eða opinberum félögum, sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við sveitarfélagið, skulu upplýsa um það. Að öðru leyti vísast til siðareglna kjörinna bæjarfulltrúa hjá Reykjanesbæ.

Fulltrúi hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náíð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilvikum víkja af fundi. Um hæfi fulltrúa og starfsmanna íþrótt- og tómstundaráðs gilda ákvæði vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. og II. kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 23. gr. samþykktar um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 622/2019.

VII. Stofnanir sem heyra undir íþrótt- og tómstundaráð

15. gr.

Íþrótt- og tómstundaráð hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið ráðsins. Engu að síður skal ráðinu gerð grein fyrir

fjárhagslegri stöðu sviðsins reglulega. Ráðið hefur ekki boðvald yfir starfsfólki stofnana né starfsfólki íþróttá- og tómstundasviðs. Fulltrúar koma ekki að ráðningum.

Rekstur stofnana og starfsmannamál er á ábyrgð sviðsstjóra íþróttá- og tómstundasviðs og viðkomandi forstöðumanna og millistjórnenda. Forstöðumenn stofnana eru ábyrgir fyrir rekstri og starfsemi sinnar stofnunar og ábyrgir gagnvart sínum næsta yfirmanni.

VIII. Gildistaka

16. gr.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Reykjanesbæjar og tekur gildi þann
xx/xx 2020.